

## ... að kenna íslenskum stúlkum iðnað – mótun sjónarmiða til nútíma

### listiðnaðar 1918-1939

Arndís S. Árnadóttir

Titill þessa erindis „... að kenna íslenskum stúlkum iðnað“ vísar til þess að stúlkurnar nutu kennslu í „iðnaði“ sem svo var nefnt, á fjögurra mánaða sumarnámskeiðum í Kaupmannahöfn á vegum félagsins Dansk Kunstflidsforening í upphafi 20. aldar.<sup>1</sup> Tilgangurinn var fyrst og fremst að efla með þeim áhuga á listiðnaði, eða „kunstindustrielle interesser“.<sup>2</sup> En einnig var gert ráð fyrir að þær breiddu út boðskapinn þegar heim væri komið og að þær „kenndu aftur hér heima“.<sup>3</sup> Um þær mundir var hugtakið „iðnaður“ notað jafnt yfir handverk bændasamfélagsins, heimilisiðnað (d. *husflid*) eða listiðnað (d. *kunstflid*, *kunstindustri*).<sup>4</sup> Hér vísaði það tvímælalaust til listiðnaðar.

Hlutverk kvenna í mótun nútíma listiðnaðar á Íslandi á fyrstu áratugum 20. aldar hefur lítið verið rannsakað. Hér verður skoðað hvaða áhrif þessi námskeið höfðu á list- og verkmenntun íslenskra kvenna á fyrstu áratugum aldarinnar og rökstutt að með þeim bárust áhrif frá list- og handverkshreyfingunni *The Arts and Crafts Movement* í undanfara funksjónalismans. Fram að síðari heimsstyrjöld var húsbúnaðarframleiðsla á Íslandi takmörkuð og fyrst og fremst handiðnaður eins og í húsgagnasmíði þar sem vélvæðing var takmörkuð. Þar var þáttur karla, bæði í hönnun og við framleiðsluna, mjög áberandi. Á húsgagnaverkstæðunum voru konur til dæmis ekki sýnilegar né heldur sem arkitektar eða hönnuðir að heitið gæti fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld.<sup>5</sup> Vissulega giftust margar úr þessum áðurnefnda stúlknaðhópi sem sóttu sumarnámskeiðin í Kaupmannahöfn fljótlega þegar heim var komið og nýttu þekkingu sína í þágu heimilis. En nokkrar héldu áfram námi í vefnaði eða öðrum iðnaði sem gagnaðist þeim á hinu opinbera sviði og í atvinnuskyni þegar á reyndi eins og hér verður rakið.

Það bar árangur „að kenna íslenskum stúlkum iðnað“ ef marka má aukið framboð á hannyrðanámskeiðum á fyrstu áratugum 20. aldar. Konur urðu sýnilegri á hinu opinbera sviði, kenndu handavinnu og ráku hannyrðabúðir og saumastofur. Verkmenntunin (d. *faguddannelse*)

<sup>1</sup> *DÍ. Stjórnarráð Íslands* II. Db. 3, nr. 528, örð 17. Styrkur handa Dansk Kunstflidsforening fyrir að kenna íslenskum stúlkum iðnað.

<sup>2</sup> Emma Gad, *Første Aarsberetning for Dansk Kunstflidsforening for Aar 1901* (København 1902), bls. 1.

<sup>3</sup> „Samband milli danskra og íslenskra kvenna“, *Kvennablaðið* 1:4 (30. apríl 1901), bls. 25.

<sup>4</sup> Áslaug Sverrisdóttir sagnfræðingur hefur m.a. bent á þetta sbr.: „Hugtök og skilgreiningar“, *Djóðlyndi, framfarabugur og handverk. Barátta Halldóru Bjarnadóttur fyrir endurreisn íslensks heimilisiðnaðar 1886-1966*. Ópr. MA ritgerð í sagnfræði (Háskóli Íslands 2001), bls. 1623.

<sup>5</sup> Fyrsta íslenska konan sem lauk námi í arkitektúr var Halldóra Briem Ek en hún lauk námi í Stokkhólmi 1940 og flentist þar. Nokkrum árum síðar, eða 1946, kom Kristín Guðmundsdóttir, fyrsti hóbýlafræðingurinn, til starfa á Íslandi frá námi í Bandaríkjunum.

veitti þeim tækifæri til sjálfstæðrar atvinnu í handiðnaði eins og til dæmis Unni Ólafsdóttur hannyrðakonu og Karólínu Guðmundsdóttur vefara (báðar f. 1897) sem nutu kennslu í skóla Dansk Kunstflidsforening á árunum 1913-1920. Í þessu erindi er framlag Karólínu eingöngu til umfjöllunar og þá í ljósi þeirra breytinga sem urðu á heimilum Íslendinga og þróun listiðnaðar á millistríðsárunum. Í verkum hennar sem varðveist hafa, bæði í einkaeigu og í söfnum landsins, má greina hvernig alþjóðlegar hugmyndir heimilisiðnaðar- og listiðnaðarhreyfinganna um vandað handverk, handiðnað og endursköpun hefða birtust í híbýlum Íslendinga í undanfara funksjónalismans þess mikla breytingatímabils í byggingarlist og hönnun sem reið yfir hinn vestræna heim eftir 1930.<sup>6</sup>

Í doktorsritgerð höfundar, *Nútímabeimilið í mótun. Fagurbætur, funksjónalismi og norræn ábrif á íslenska hönnun 1900-1970* (Reykjavík 2011), kemur fram að áður en verulegur uppgangur hófst í áklæðagerð í vefjariðnaði hér á landi eftir 1945 ráku nokkrar konur vefstofur á millistríðsárunum sem skiptu máli í þeim breytingum sem urðu í híbýla-menningu á tímabilinu. Þar voru ofnir „prýðilega fallegir dúkar“ til heimilisprýði svo sem húsgagnaáklæði (d. *möbelstoff*), gluggatjöld, dyratjöld, dívanteppi, borðdúkar, púðar, gólfábreiður og fleira og aðallega úr íslenskri ull. Álykta má að þær konur sem fyrstar riðu á vaðið sem hönnuðir í upphafi tímabilsins hafi á einhvern hátt verið „hannyrðakonur“ — þær unnu með þræði og notuðu hefðbundin áhöld, tæki og tól, án aðkomu nokkurrar vélvæðingar að heitið gæti. Um þær flestar hefur hingað til jafnan ríkt hálfgerður þagnarmúr.

### **Konur og list- og handverkshreyfingin**

Það var í kjölfar kvennasýningarinnar í Kaupmannahöfn 1895 sem félagið Damernes Kunstflidsforening var stofnað haustið 1900 og bauð skömmu síðar íslenskum stúlkum ókeypis skólavist á sumarnámskeiðum félagsins um nokkurt skeið. A.m.k. 28 stúlkur sóttu sumarnámskeiðin á árunum 1901 til 1910. Það dró dilk á eftir sér og líkt og biðukollur fífilnsins, táknrænu merki danskra kvenna og kvennasýningarinnar 1895 um þær mundir, dreifðist þekkingin með þeim út á jaðarinn.

Nafni félagsins var fljótlega breytt í Dansk Kunstflidsforening og körlum var boðin þar seta. Starfsemi þess og markmið gefa til kynna áhrif frá List- og handverks hreyfingunni hugmyndir sem norrænir fræðimenn hafa sýnt fram á að hafi borist að sunnan, einkum frá Bretlandi og Þýskalandi, og norður á bóginn í lok 19. aldar.<sup>7</sup> Í rannsókn breska listfræðingsins

<sup>6</sup> Klæðisstrangar, efnisprufur, útsaumur, knipl o.fl frá Vefstofu Karólínu Guðmundsdóttur eru varðveitt í Árbæjarsafni, ÁBS 1998-35.

<sup>7</sup> Sjá t.d.: Ingeborg Glambek, „One of the age’s noblest cultural movements“, *Scandinavian Journal of Design History* 1 (1991), bls. 47-76 og Bodil Busk Laursen, „Skønhed i hjemmet: a thing of beauty is a joy forever“, *Grib tiden*. Ritstjóri Bente Scavenius (København 2001), bls. 100-115.

Antheu Callen, *Angels in the Studio*, á hlutverki kvenna í List- og handverkshreyfingunni er m.a. bent á ríkjandi karllægar hugmyndir hreyfingarinnar og aðskilin verksvið karla og kvenna. Andstætt körlum sem unnu við málmsmíði, glerskurð, gifsvinnu og tréskurð á verkstæðum snéru konur sér frekar að þeim handiðnaði sem hægt var að vinna inni á heimilinu.<sup>8</sup> Hér verður einnig litið til nýlegri kenninga listfræðinganna Lynne Walker og Wendy Kaplan sem staðhæfa að með listiðnaðarhreyfingunni hafi jafnframt myndast ný tækifæri fyrir konur sem þarf að skoða. Walker (1989) leiðir líkum að því að þrátt fyrir hin karllægu viðhorf um aðskilin verksvið hafi hreyfingin gefið konum í auknum mæli nýja möguleika á að mynda með sér félagasamtök, þær fengu fleiri tækifæri til náms og mótuðu sér nýjar leiðir til þátttöku í atvinnulífinu. Það varð til þess að samfélagsleg virðing og staða þeirra batnaði mun meira en áður hefur verið talið.<sup>9</sup> Kaplan (2000) bendir á að í hugmyndum listiðnaðarhreyfingarinnar hafi listiðnaði, handverki verið gert jafnhátt undir höfði og myndlist og höggmyndalist og þannig hafi virðing gagnvart handavinnu kvenna aukist.<sup>10</sup> Hvort hægt sé að heimfæra þessa tilgátu á stöðu íslenskra kvenna sem fengust við skapandi iðju í list- og verkgreinum á fyrstu áratugum 20. aldar er því mikilvæg spurning.

Þegar listiðnaður eflist á seinni hluta 19. aldar urðu til störf sem talin voru henta konum. Til dæmis í vefjariðnaði og við framleiðslu húsgagna, en einnig í leirmuna- og postulínsgerð, svo aðeins nokkur dæmi séu tekin úr húsbúnaðarframleiðslunni í nágrennalöndunum. Nærtækast er að líta til Danmerkur, þar sem bæði námskeið og skólar voru sett á stofn í þeim tilgangi að veita konum verkmenntun (d. *faguddannelse*) með teikningu o.fl. sem að gagni kæmi við störf í listiðnaði. Tegneskolen for Kvinder (síðar Tegne- og kunstindustriskolen for Kvinder, nú Danmarks Designskole) var stofnaður í Kaupmannahöfn árið 1875, eða um líkt leyti og Kvennaskólinn í Reykjavík (1874).<sup>11</sup> Meginmarkmið Tegneskolen for Kvinder var að þjálfa fyrir störf í listiðnaði, einkum við postulínsframleiðsluna. En einnig að stuðla að framgangi listiðnaðar til heilla fyrir þjóðina.<sup>12</sup> Þegar kom fram á 20. öld var verkmenntun fyrir listiðnað orðin enn mikilvægari fyrir landsframleiðslu og við öflun gjaldeyristekna. Og ekki var síður mikilvægt að hlutirnir bæru

<sup>8</sup> Anthea Callen, *Angels in the studio* (London 1979), bls. 218-221.

<sup>9</sup> Lynne Walker, „The Arts and Crafts alternative“, *A view from the interior. Women & design*. Ritstjórar Judy Attfield og Pat Kirkham (London 1989), bls. 165: ... which served to enhance women's position and status in society in a much more fundamental way than has been considered.

<sup>10</sup> Wendy Kaplan, „Women designers and the Arts and Crafts Movement“, *Women designers in the USA 1900-2000*. Ritstjóri Pat Kirkham (New York 2000), bls. 85: The movement provided new opportunities for women.

<sup>11</sup> Stofnár danska hönnunarháskólans Danmarks Designskole er rakið til stofnárs Tegneskolen for Kvinder 1875. Á fyrstu árum Kvennaskólans í Reykjavík var hlutfall bóknáms og handavinnu 9:21 stund á viku, sbr. Aðalsteinn Eiríksson, „Saga skólans“, *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874-1974* (Reykjavík 1974), bls. 120. Frá 1891 var teikning kennd við Kvennaskólann, sbr.: Thora Melsteð, „II. Kvennaskólinn frá 1891-1906“, *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874-1906* (Reykjavík 1907), bls. 26.

<sup>12</sup> Stjórnendur skólans höfðu jafnframt uppi háleit markmið um að stuðla að framgangi þjóðarinnar á sviði listiðnaðar þannig að „Danmark kan hævde sig blandt de bedste paa Kunsthaandværkets Omraade“. Sophy A. Christensen, „Om Kvinders Faguddannelse“, *Tegne- og Kunstindustriskolen for Kvinder. Statsunderstøttet Fagskole grundlagt 1875. 38. Aarsberetning. Program for Aaret 1913-14*, bls. [5].

upprunalandinu vitni með „et særlig nationalt Præg“.<sup>13</sup> Þannig gerðu Danir sér snemma grein fyrir þjóðhagslegu gildi listiðnaðar, mikilvægri undirstöðu þeirra sem hönnunarþjóðar. Frekari miðlun á listiðnaðarframleiðslunni fór síðan fram á sýningum, heima og erlendis.

### Dansk kunstflidsforening

Meginmarkmið áður nefndrar Kvennasýningar í Kaupmannahöfn árið 1895 var að vekja athygli á margvíslegum störfum kvenna í Danmörku og hjálöndum þeirra, fyrr og nú.<sup>14</sup> Sýningin var árangursrík leið til að koma fram sjónarmiðum kvennabaráttunnar en þar átti að koma fram hvers „nútimakonan“ væri megnug á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Í kjölfar sýningarinnar efldust kvenfélög í Danmörku og áhrifanna gætti alla leið til Íslands. Hér má geta félaga eins og Cirkeln (sem var fyrirmynd kvenfélagsins Hringsins) og Dansk kunstflidsforening sem áður er getið. Það félag sem á Íslandi gekk undir heitinu „Hannyrðafélag kvenna“ var frá upphafi og til 1910 undir formennsku rithöfundarins frú Emmu Gad. Og í samræmi við ríkjandi tíðaranda og uppgang iðnaðar í byrjun 20. aldar snérist markmið þess í stuttu máli um að efla með félögum sínum mikilvægi listiðnaðar (d. *kunstindustrielle interesser*), styrkja heimaíðju kvenna (d. *kvindelig hjemmeerhverv*), sérstaklega með því að veita ókeypis kennslu í hannyrðum, standa vörð um handverkshefðir í dönskum listiðnaði (d. *kunstflid*) og styrkja þessa starfsemi með því að koma íðju kvenna á framfæri á sýningum.<sup>15</sup>

Fljótlega eftir stofnun félagsins eru komin á tengsl við ritstjóra *Kvennablaðsins* í Reykjavík sem birtir forsíðufrétt í apríl 1901 um „Samband milli danskra og íslenskra kvenna“ aðeins nokkrum mánuðum eftir að félagið var stofnað. Þar er greint frá því að tilgangurinn með sumarskóla, ókeypis handa „nemendum frá Íslandi, Suður Jótlandi og hinum öðrum landshlutum vorum“, væri sá „að efla iðnaðarsamtök milli þessara ólíku landshluta“.<sup>16</sup> Fyrst í stað voru nemendur frá Íslandi og dönsku sveitunum, en stúlkur frá Færeyjum og Vestur-Indíum komu síðar.

Um líkt leyti var komið á samband milli Dansk Kunstflidsforening, Thorvaldsensfélagsins og Kvennaskólans í Reykjavík og frá 1901 veitti Alþingi árlega 300 kr. styrk til danska félagsins til að styrkja ferð íslensku stúlkanna.<sup>17</sup> Þar að auki naut skólastjóri Kvennaskólans, Þóra

<sup>13</sup> Sophy A. Christensen, „Om Kvinders Faguddannelse“, bls. [3]: ... hvorved de kan gøre sig gældende som en efterspurgt Vare paa Udlandets Marked og derved skaffe Landet nye Indtægtskilder.

<sup>14</sup> Næststærsta sýningarsvæðið (á eftir *Kulturbistorie*) á Kvennasýningunni 1895 var fyrir iðnað (*Industri*) og þar voru deildir ætlaðar hjálöndunum (*Bilandene: Færoerne, Grønland, Island, Vestindien*), Noregi og Svíþjóð. Í deild Íslands á þessari sýningu sýndi 81 kona margvíslega gripi, gamla og nýja, sbr *Fortegnelse over Kvindernes Udstilling fra fortid og nutid 1895*. Andet Oplag (København 1895), bls. 22-25.

<sup>15</sup> Emma Gad, *Tredie Aarsberetning fra Dansk Kunstflidsforening for Aaret 1903* (København 1904), bls. 1.

<sup>16</sup> „Samband milli danskra og íslenskra kvenna“, bls. 25.

<sup>17</sup> Skv. ársskýrslum Dansk Kunstflidsforening 1901-1910 fékk félagið árlegan styrk frá Alþingi. Sjá einnig bréf frá Emmu Gad til Íslands Ministerium á sama tíma: *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands II. Skrifstofa Db. 3, nr. 528, örk 17.*

Melsteð, stuðnings Magnúsar Stephensens landshöfðingja og fékk fjárveitingu frá Alþingi sama ár til að stofna vefnaðardeild við skólann. Athygli vekur að landshöfðingi leit á vefnaðardeild Kvennaskólans sem „fyrirhugað útibú Hannyrðafélags kvenna“ í Kaupmannahöfn og telur deildina að öllum líkindum muni „efla atvinnu kvenna á Íslandi og jafnframt verða til gagns á öðrum sviðum“.<sup>18</sup> Þess má geta að um líkt leyti hófst dúkavefnaður hjá klæðaverksmiðjunum á Álafossi (1901), hjá Iðunni í Reykjavík (1903) og hjá Gefjun á Akureyri (1908).<sup>19</sup>

Samkvæmt ársskýrslum Dansk kunstflidsforening 1901-1910 veitti félagið a.m.k. 28 íslenskum stúlkum ókeypis skólavist á þeim níu árum sem frú Emma Gad gegndi þar formennsku. Af skrifum Þóru Melsteð og nöfnum þeirra stúlkna sem tekist hefur að nafngreina þennan fyrsta áratug má ráða að hér var helst um að ræða kvennaskólagengnar stúlkur og dætur efnaðra bænda, embættis- og kaupmanna hvaðanæva af landinu eins og fram kemur í Viðauka A hér á eftir. Á sumarnámskeiðum Dansk Kunstflidsforening á árunum 1901-1910 lærðu stúlkurnar margs konar vefnað og „national haandgærning“ eða þjóðlegt handverk.<sup>20</sup> Ein stúlkanna, Ingibjörg Claessen frá Sauðárkróki, lýsir sumardvöl sinni 1901 á eftirfarandi hátt í bréfi til frú Emmu Gad:

Nokkrum dögum eftir að við komum til Kaupmannahafnar hófum við nám við „Dansk Kunstflidsforenings Væveskole“. Auk okkar þriggja Íslendinganna eru níu aðrar ungar stúlkur í skólanum. Allar eru þær mjög elskulegar, kátar og lífsglaðar og hafa orðið góðir vinir okkar. Við erum í skólanum á hverjum degi frá kl. 9-2 og vinnum stöðugt við vefstólana. Kennarinn er sænsk kona sem við erum allar mjög hrifnar af. Við höfum lært heilmikið í skólanum og vefum allskonar dúka, allt frá smáum handþurrkum til stærri teppa, dyratjalda o.fl., ofið með mismunandi aðferðum, þannig að við erum mjög ánægðar með árangurinn af þeirri frábæru kennslu sem við höfum notið. Kunstflidsforeningen hefur sannarlega gert mikið fyrir okkur. Það er ekki einungis séð til þess að við lærum að vefa, heldur höfum við einnig heimsótt nær öll söfn hér í bænum, sem við höfum sannarlega haft ánægju af. Þar að auki höfum notið mjög hins fagra umhverfis borgarinnar og séð og lært mikið.<sup>21</sup>

Ekki hafa enn fundist fullnægjandi heimildir um starfsemi Dansk Kunstflidsforening eftir að formannstíð frú Gad lauk árið 1910, en skólastarfið virðist hafa haldið áfram og á næstu tveimur áratugum birtust fréttir í íslenskum blöðum af stúlkum sem stunduðu nám við Dansk Kunstflidsskole og höfðu þar örugg tvö pláss. Karólína Guðmundsdóttir sótti námskeiðið

<sup>18</sup> *Alþingistíðindi 1901*. C Þingskjölin, bls. 45-46.

<sup>19</sup> Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, bls. 320.

<sup>20</sup> *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands II. Skrifstofa Db. 3, nr. 528, örk 17.

<sup>21</sup> Emma Gad, „Dansk Kunstflidsforenings ny virksomhed“, *Kvinden og Samfundet*, 18:26 (1902), bls. 443.

sumarið 1920.<sup>22</sup> Álykta má að skólastarfið sem Dansk Kunstflidsforening hóf í byrjun 20. aldar hafi mótað mjög list- og verkmenntun þessara íslensku stúlkna í anda fagurfræðilegra hugmynda listiðnaðarhreyfingarinnar og við endursköpun hefða hins norræna bændasamfélags. Jafnframt mynduðust ný tækifæri til náms heima fyrir sem ætlað var að styrkja íslenskan „iðnað“.

### Ný tækifæri á jaðrinum

Fyrst má greina áhrifin í auknum áhuga hér á landi fyrir að koma á kennslu í vefnaði og að endurvekja gamlar fyrirmyndir sem honum tilheyrði. Í áður nefndri vefnaðardeild við Kvennaskólann í Reykjavík átti að kenna „listvefnað, flosvefnað, glitvefnað og fleiri tegundir vefnaðar, og þar á meðal almennan vefnað“.<sup>23</sup> Deildin hóf starfsemi 1902 og naut m.a. stuðnings íslenskra kaupmanna í Kaupmannahöfn sem lögðu fram 568 kr. í upphafi „til Ophjælpning af islandsk Industri“. Sjóðurinn var notaður bæði til að styrkja ferðalag íslensku stúlkanna, sem voru þrjár fyrsta sumarið, og til að koma vefnaðardeildinni í Reykjavík á fót.<sup>24</sup> Frú Þóra Melsted skýrir frá því að deildin hafi m.a. notið kunnáttu þeirra ungu íslensku stúlkna sem fengið höfðu ókeypis kennslu í ýmiss konar vefnaði í Kaupmannahöfn undanfarið ár.<sup>25</sup> Það kemur fram í endurminningum einnar námsmeyjar við skólann löngu síðar, að ein af kennslukonunum, Martha Stephensen dönsku- og skriftarkennari, hafi verið „send utan til að læra fínan vefnað með það fyrir augum, að kenna það í skólanum er til baka kæmi“.<sup>26</sup> Hins vegar var vefnaðardeildin aðeins starfrækt í sjö ár. Henni var fyrst komið fyrir í húsnæði Kvennaskólans en síðan í leiguhúsnæði í nágrenni hans uns hún var lögð niður árið 1909. Sú skýring var gefin að ekki væri „fé fyrir hendi til að reka hana þetta yfirstandandi fjárhagstímabil“.<sup>27</sup> Vefnaðardeildin var því ekki lengur starfrækt þegar skólinn fluttist í stærra og hentugra húsnæði haustið 1909. Í nýja skólahúsnæðinu var aftur á móti stofnuð deild í húsmæðra- og hússtjórnarfræðum.<sup>28</sup>

---

<sup>22</sup> Frá 1905 komu Thor. E. Tulinius stórkaupmaður og Finnur Jónsson prófessor að vali stúlkanna, sbr.: Emma Gad, *Femte Aarsberetning fra Dansk Kunstflidsforening for Aaret 1905* (København 1906), bls. 11. Þuríður Lange, handavinnukennari við Kvennaskólann, aðstoðaði Finn við valið, sbr.: *Morgunblaðið* 10. jan. 1961, bls. 17 [minningargrein]. Sjá einnig Viðauka A með nöfnum þeirra námsmeyja sem tekist hefur að nafngreina, hvaða ár þær sóttu námskeiðin og hvaðan af landinu þær komu og „Margoft spunnin þráður úr mjallhvítri ull mýkra getur hljómað en silfur og gull“, *Tíminn Sunnudagsblað*, 7. sept. 1969, bls. 684.

<sup>23</sup> Thora Melsted, „II. Kvennaskólinn frá 1891-1906“, bls. 29.

<sup>24</sup> Emma Gad, *Første Aarsberetning for Dansk Kunstflidsforening for Aar 1901*, bls. 45: dels til Indkøb af Inventar til en nyoprettet Væveskole i Reykjavik.

<sup>25</sup> Thora Melsted, „II. Kvennaskólinn frá 1891-1906“, bls. 29. Sbr. *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874-1974*, bls. 293, voru vefnaðarkennarar við Kvennaskólann þær Sigríður Jónsdóttir 1903-1905, Hildur Sverrisson (f. 1871) 1905-1907, Símonía Guðleifsdóttir (f. 1878) 1907-1908 og Þórunn Stefánsdóttir (f. 1879) 1908-1909.

<sup>26</sup> Rannveig K.G. Sigbjörnsson, „Skeljabrot“, *Lögberg*, 7. júní 1951, bls. 5. Martha hélt utan með Ceres í maí 1901 ásamt þeim Ingibjörgu Claessen og Kristínu Hermannsdóttur til náms í hannyrðaskóla (vefnaðarskóla), sbr.: *Þjóðólfur* 24. maí 1901, bls. 99. Martha Stephensen (1864-1953) var kennari við Kvennaskólann á árunum 1899-1902.

<sup>27</sup> Aðalsteinn Eiríksson, „Saga skólans“, bls. 154; „Skýrsla frá Kvennaskólanum í Reykjavík veturinn 1919[09]-1910“, *Ísafold*, 20. júlí 1910, bls. 183.

<sup>28</sup> Aðalsteinn Eiríksson, „Saga skólans“, bls. 158.

Í annan stað hófst tilraun með útsölu eða verslun („bazar“) með „ýmsa kvenna-vinnu“ eða íslenskan „iðnað“ á vegum Thorvaldsensfélagsins sumarið 1900. Þar nutu vinsælda einlitt, mjúkt og þykkt karlmannafataefni, hvítt vaðmál og annar vefnaður, svo sem glitábreiður (áklæði), salúnsábreiður og svuntudúkar auk silfursmíði og vandaðra hannyrða. Á útsölnni í Reykjavík seldist mikið af vettlingum, sokkum, ullarklútum og tvöföldum og einföldum hyrnum, en alls seldust nálægt 1000 gripir þetta fyrsta sumar.<sup>29</sup> Konurnar færðu út kvíarnar sumarið 1902 og komu íslenskum „iðnaðar“ varningi á bazar Dansk Kunstflidsforening í Kaupmannahöfn. Frú Emma Gad fagnaði þeirri samvinnu við Thorvaldsensfélagið og taldi vörurnar njóta vinsælda meðal danskra viðskiptavina. Hún lýsti þeim sem „islandsk Folkeindustri“ og minntist sérstaklega á vinsældir silfursmíði, gullsaums (baldýring) og vandaðrar ullarvöru.<sup>30</sup>

Í upphafi 20. aldar opnuðust ný tækifæri til náms í handiðnaði og markaður myndaðist fyrir heimaiðju íslenskra kvenna. Um leið mátti greina aukinn áhuga fyrir námskeiðum og kennslu í ýmiss konar hannyrðum og vefnaði sem rekja má að einhverju leyti til sumarnámskeiða Dansk Kunstflidsforening. Þess bera merki auglýsingar á borð við að Hallfríður Proppé „kenni allskonar hannyrðir, einnig á sunnudögum“. Hallfríður setti síðar (1909), ásamt Valgerði Ólafsdóttur, upp hannyrðaskóla fyrir unglinga og fullorðnar stúlkur á Smiðjustíg 12 í Reykjavík.<sup>31</sup> Einnig að Sophia Hjaltested, Suðurgötu 7, veiti stúlkum tilsögn í ýmsum hannyrðum.<sup>32</sup> Og að Sigríður Jónsdóttur, Ingólfsstræti 5, kenni „alls konar skrautvefnað og nytsaman vefnað ... í karlmannna, kvenna og barnaföt, í borðdúka hvíta og mislita, ljósdúka, servíettur, handklæði o.fl. o.fl.“. Sigríður kenndi einnig fullorðnum stúlkum handavinnu... „þar á meðal gamlar og nýjar hannyrðir“.<sup>33</sup>

Dæmin sýna áhrif frá hugmyndum danska listiðnaðarfélagsins og List- og handverkshreyfingarinnar um endurvakningu hefða og að glæða smekk fyrir hinu fagra en einnig þeirri hugsun að handavinna kvenna gat verið nytsöm fyrir iðnað. Í þeim anda mótuðu íslenskar konur sér smám saman nýjar leiðir til þátttöku í atvinnulífinu, vopnaðar nýrri þekkingu á ýmiss konar hannyrðum. Nokkrar þeirra, líkt og Karólína Guðmundsdóttir vefari, stóðu í framvarðasveit listiðnaðar á Íslandi á þriðja og fjórða áratugnum.

### **Vefstofa Karólínu Guðmundsdóttur**

Karólína hélt til Kaupmannahafnar vorið 1920 og var ein þeirra íslensku stúlkna sem kynntist „iðnaði“ á sumarnámskeiðum Kunstflidsskolen. Enn er lítið vitað um tildrög þess að hún, fátæk stúlka í Reykjavík, ættuð úr Grímsnesi, réðst í þessa för. Eftir fjögurra mánaða námskeið í vefnaði

<sup>29</sup> „Útsala Thorvaldsensfélagsins. Skýrsla frá félaginu“. *Kvennablaðið* 6:12 (1900), bls. 91.

<sup>30</sup> Emma Gad, *Anden Aarsberetning for Dansk Kunstflidsforening for Aaret 1902* (København 1903), bls. 6.

<sup>31</sup> *Auglýsarinn*, 5. október 1902; *Reykjavík* 10:46 (25. sept. 1909), bls. 183.

<sup>32</sup> *Reykjavík* 5:43 (24. sept. 1904), bls. 170.

<sup>33</sup> *Reykjavík* 4:51 (30. október 1903), bls. 4.

og kniplingagerð réði hún sig til frk. Johanne Siegumfeldt (1868-1953) sem rak vefstofu í Amaliegade í Kaupmannahöfn, og vann þar til vorsins 1922 en heldur þá heim á leið. Karólína sýndi fyrst verk sín á nemendasýningu í Charlottenborg í september 1920 og hlaut þar viðurkenningu.<sup>34</sup> Árið eftir sýndi hún vefnað og listsaum á *Fyrstu almennu íslensku heimilisiðnaðarsýningunni* í Reykjavík 1921 og er þá búsett í Kaupmannahöfn.<sup>35</sup> Nokkru síðar vekja „prýðilega fallegir dúkar“ hennar athygli á einkasýningu í Listvinahúsinu í maí 1923. Þá er hennar getið sem „brautryðjanda nýs listvefnaðar“ á Íslandi.<sup>36</sup> Hún tók þátt í *Iðnsýningu kvenna* í Barnaskólahúsinu í Reykjavík árið 1924 og sýndi þar knipl og vefnað. Í viðtali af því tilefni kveðst hún nota lítið af innlendu efni í dúkana og gefur þá skýringu að fólk vilji „ekkert úr íslensku ullinni“. Aftur á móti taldi hún að „bætt meðferð ullar, meiri þekking á þjóðlegum stíl og umbætur í smekk almennings í þeim anda“ þyrfti til að lagfæra ástandið.<sup>37</sup>

Skömmu eftir sýninguna í Listvinahúsinu 1923 var Karólína, þá 26 ára gömul, kosin formaður Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Um líkt leyti (1923) giftist hún Einari Jóhannessyni vélstjóra, stofnaði heimili og eignaðist fljótt tvo syni.<sup>38</sup> Hún lét af formennsku í Heimilisiðnaðarfélaginu að eigin ósk sumarið 1927.<sup>39</sup> Vefstofu rak hún í Reykjavík í nær 50 ár (1923-1973), lengst af á Ásvallagötu 10A, í sama húsi og heimili fjölskyldu hennar.

Á fyrsta starfsári Karólínu sem formanns Heimilisiðnaðarfélagsins hratt hún af stað tveimur námskeiðum sem telja má að hafi markað tímamót í umbótum heimilisiðnaðarhreyfingarinnar í að glæða smekkvísi. Á báðum námskeiðunum sem Karólína hafði umsjón með fékk hún til liðs við sig kennara sem höfðu listnám að baki. Ríkarð Jónsson myndhöggvara sem kenndi „heimasmíði“ árið 1924, þar sem m.a. var kennt „að færa uppdrætti á efniviðinn“. Og frænka hennar Júlíana Sveinsdóttir listmálari kenndi á tveggja mánaða vefnaðarnámskeiðunum haustin 1924 og 1925 — þar sem lögð var áhersla á að glæða smekkvísi nemendanna á „fagra gerð hlutanna og litaval.“<sup>40</sup> Bæði árin sóttu 14-15 nemendur, nær eingöngu stúlkur, vefnaðarnámskeið þessi. Í vöðirnar var notað „garn úr íslenskri ull, svo sem við var komið“.<sup>41</sup>

<sup>34</sup> Verðlaunaskjalið er í fórum sonardóttur og alnöfnu Karólínu og undirritað af Alexandrínu drottningu.

<sup>35</sup> *Fyrsta almenna íslensk heimilisiðnaðarsýning* (Reykjavík 1921). Karólína sýndi þar flossessu í flokknum „vefnaður“ og ljóshjálmg og sessu í flokknum „listsaumur og baldýring“. Frænka hennar Júlíana Sveinsdóttir listmálari sýndi kjóladúk í flokknum „vefnaður“ á þessari sömu sýningu líklega í fyrsta sinn sem Júlíana sýndi vefnað sinn opinberlega.

<sup>36</sup> *Tíminn* 19. maí 1923, bls. 51; „Vefnaðarsýningin í húsi Listvinafélagsins“, *Morgunblaðið* 19. maí 1923, bls. 1.

<sup>37</sup> Kallí, „Iðnsýning kvenna“, *Morgunblaðið*, 19. júní 1924, bls. 4.

<sup>38</sup> „Margoft spunninn þráður úr mjallhvítri ull mýkra getur hljómað en silfur og gull“, bls. 686.

<sup>39</sup> *Lbs.* Heimilisiðnaðarfélag Íslands – fundargerðarbækur, fulltrúaráðsfundur 1. júní 1927. Á aðalfundi félagsins 24. júní 1927 tók Guðrún Pétursdóttir við formennsku í félaginu.

<sup>40</sup> Guðmundur Jónsson, „Skýrsla um störf Heimilisiðnaðarfélags Íslands árið 1924“, *Búnaðarrít* 40:1-2 (1926), bls. 144. Í doktorsritgerð Áslaugar Sverrisdóttur sagnfræðings, *Mótun bugmynda um íslenskt handverk 1890-1930: ábrif fjölbjóðlegra bugmyndabreyfinga* (Reykjavík 2011), bls. 212, kemur fram að freistandi sé í ljósi þátttöku Júlíönu í þessu námskeiði að kanna nánar tengsl heimilisiðnaðarfélagsins við listiðnaðarhreyfinguna.

<sup>41</sup> Guðmundur Jónsson, „Skýrsla um störf Heimilisiðnaðarfélags Íslands árið 1924“, bls. 142-145; „Heimilisiðnaðarfélag Íslands“, *Tíminn* 12. des. 1925, bls. 213.



Verk Karólínu bera lærimeistara hennar Johanne Siegumfeldt vel vitni en frk. Siegumfeldt var einn merkasti frumkvöðull í dönskum vefnaði á fyrri hluta 20. aldar. Hún hlaut þjálfun hjá móðursystur sinni Jenny la Cour í vefnaðarskólanum við lýðháskólann í Askov og saman gáfu þær út merka leiðbeiningabók um vefnað, *Vævebog for hjemmene*, árið 1897. Það rit er undir sterkum áhrifum af sænskum vefnaði en þær frænkur höfðu kynnt sér bæði sænskan og finnskan vefnað. Frk. Siegumfeldt rannsakaði einnig sérkenni og munstur í dönskum bændavefnaði fyrir iðnvæðingu og tileinkaði sér þannig ýmis lérefts- og blómamunstur (d. *drejls- og blomstermonstre*) en einnig suðurjóska myndvefnað, svonefndan Beiderwand.<sup>42</sup> Hún leiddi frá upphafi og um þriggja ára skeið starfsemi Vævestuen sem danska heimilisiðnaðarfélagið stofnaði árið 1913, með Niels Christian Rom og arkitektunum Martin Nyrop og Anton Rosen í fararbroddi. Megintilgangurinn var að móta danska hefð fyrir nútíma vefnaðarframleiðslu.<sup>43</sup> Frá 1916 til 1923 rak frk. Siegumfeldt síðan eigin vefstofu í Kaupmannahöfn (þar sem Karólína starfaði á árunum 1920-1922), en flutti þá til Kolding. Hún gerði ótal tilraunir með munstur og liti, óf eftir pöntunum í stór og smærri verk fyrir danska arkitekta og húsgagnaframleiðendur og verk hennar voru sýnd á sýningum.<sup>44</sup>

Á sama hátt varð vefnaður Karólínu eftirsóttur á Íslandi og frá fjórða áratugnum voru unnin verk á vefstofu hennar eftir pöntunum íslenskra arkitekta og húsgagnateiknara. Meðal annars innanbúnað eins og áklæði og gluggatjöld fyrir opinberar byggingar, til dæmis Háskóla Íslands, Húsmæðraskóla Íslands, Landsbankann, Búnaðarbankann, Gamla bíó og Þjóðleikhúsið allt verkefni sem þarfnast nánari skoðunar. Hún ruddi brautina í gerð handofinna húsgagnaáklæða og gluggatjalda úr íslenskri ull. Í safni Karólínu Guðmundsdóttur sem varðveitt er í Árbæjarsafni má vel greina áhrif lærimeistarans Johanne Siegumfeldt og frá Vævestuen í Kaupmannahöfn.<sup>45</sup> Á sama hátt og Siegumfeldt leitaði fyrirmynda í norrænum vefnaði og í danska bændasamfélaginu tileinkaði Karólína sér einnig fyrirmyndir frá hinu íslenska — bæði í munsturgerð og í svonefndum salúnvefnaði.

---

<sup>42</sup> Um Johanne Siegumfeldt sjá m.a.: Paulli Andersen, „Pioneerne inden for vævning“, *Stofstrykker og væverlauget 1946-1986* (København 1986), bls. 7-15 og *Vef*. Kvininfo. Dansk kvindebiografisk leksikon, Johanne Siegumfeldt: <http://www.kvininfo.dk/side/597/bio/1566/origin/170/>

<sup>43</sup> Að mótun og uppbyggingu Vævestuen komu einnig Elna Mygdal safnvörður við Dansk Folkemuseum, Sophy Christensen skólastjóri Tegne- og Kunstindustriskolen for Kvinder o.fl., sbr.: Ingeborg Cock-Clausen, „The Weaving Workshop “Vævestuen“: the national tradition as basis for modern weaving“, *Scandinavian Journal of Design History* 6 (1996), bls. 27-28.

<sup>44</sup> Til dæmis á heimilissýningunni Bo í Kaupmannahöfn 1927, sbr.: Bréf Johanne Siegumfeldt til Karólínu Guðmundsdóttur dags. 15.9.1927.

<sup>45</sup> Vævestuen sameinaðist árið 1933 starfsemi Selskabet til Håndarbejdets Fremme (stofnað 1928), sbr. Ingeborg Cock-Clausen, „The Weaving Workshop“, bls. 34.

## **Lokaorð**

Með þáttöku í sumarnámskeiðum Dansk Kunstflidsforening í upphafi 20. aldar báru íslenskar stúlkur ekki einungis heim með sér hugmyndir heimilis- og listiðnaðarhreyfinganna um þjóðlegt handverk og „fagra gerð hlutanna“ heldur einnig ný tækifæri til atvinnu sem fólust í hannyrðum kvenna. Húsgagnaáklæði og aðrir ofnir dúkar Karólínu Guðmundsdóttur bera þess merki að nýir straumar í hóbýlamenningu höfðu borist til Íslands á millistríðsárunum. Með breyttum húsakynnum og vaxandi eftirspurn eftir viðeigandi húsbúnaði fyrir „nýju húsin“ hafði myndast þörf fyrir áklæði (sem Karólína auglýsti sem „möbelstoff“) og aðra dúka til hóbýlaprýði. Á sama hátt og rætur Johanne Siegumfeldt lágu í danska bændasamfélaginu byggði vefstofa Karólínu fyrst og fremst á handiðnaði og hugmyndum heimilis- og listiðnaðarhreyfinganna frekar en framúrstefnulegri áhrifum funksjónalismans. Karólína var sannarlega brautryðjandi nýs listvefnaðar hér á landi sem brúaði bil hefða og nútíma. En staðfestir einnig hve óskýr mörkin voru hér á jaðrinum á milli heimilisiðnaðar og listiðnaðar langt fram eftir 20. öld.

Erindi þetta markar upphaf rannsóknar á nokkrum frumkvöðlum úr röðum kvenna á Íslandi sem gerðu störf við listiðnað og hönnun að ævistarfi á einn eða annan hátt á tímabilinu 1900-1970.

**Viðauki A:** Þátttakendur frá Íslandi á sumarnámskeiðum Dansk Kunstflidsforening 1901-1920.

Drög að nafnaskrá.

<b>3 fra Island</b>	<b>1901</b>		
Ingibjörg Claessen	1901	Skagafirði	nám í vefnaði Árósum
Kristín Hermannsdóttir	1901	Rangárvallas.	
... Martha Stephensen	1901	Viðey	kennari Kv.R.
<b>2 fra Island</b>	<b>1902</b>		
<b>2 fra Island</b>	<b>1903</b>		
Kristrún Jónsdóttir	1903		
Hanne Sveinsson	1903		
<b>2 fra Island</b>	<b>1904</b>		
Valgerður Vigfússon	1904		
Þóra Matthíasdóttir	1904	Eyjafirði	hannyrðaverslun
<b>3 fra Island</b>	<b>1905</b>		
Fru Brynjulfsson	1905		
Frk. Paulsen	1905		
Frk. Grönvold (Oktavía?)	1905		
<b>2 fra Island</b>	<b>1906</b>		
<b>3 fra Island</b>	<b>1907</b>		
Sæunn I. Stefánsdóttir	1907	Miðfirði	fluttist til Kanada 1923
<b>4 fra Island</b>	<b>1908</b>		
Salvör Kristjánsdóttir	1908	Vopnafirði	
Aðalheiður Gíslason	1908	Fáskrúðsfirði	
Kristrún Björnsdóttir	1908	Skagafirði	
Pauline Jonssen	1908	Reykjavík	
<b>4 fra Island</b>	<b>1909</b>		
<b>3 fra Island</b>	<b>1910</b>		
Elín Andrésdóttir	1910	Kv.Ytri-Ey	handavinnukennari
Unnur Ólafsdóttir	<b>1913</b> □ <b>1916</b>		hannyrðaverslun
Þórdís Ólafsdóttir	<b>1914</b> □ <b>1918</b>	Fellsenda, Dal.	
Sólveig Eiríksdóttir	<b>1914</b> □ <b>1917</b>	Kv. Rv.	handavinnukennari
Herdís Guðmundsdóttir	<b>1919</b>		vefari
Karólína Guðmundsdóttir	<b>1920</b>		vefari